

Fimmtudaginn 12. mars 1981.

Nr. 68/1981. **Ákærvaldið**
 gegn
Ómari Valdimarssyni.

Kærumál. Vitnaskylda. Kærumálskostnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einars-son og Magnús P. Torfason.

Með kæru 2. þ. m., sem barst Hæstarétti sama dag, hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 6. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn samdægurs. Í greinargerð sinni krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði, að sér sé eigi skylt að svara spurningum þeim, sem mál þetta lýtur að. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari hefur skilað greinargerð í málinu. Í henni segir m. a., að rétt þyki „af ákærvaldsins hálfu . . . að taka fram eftirfarandi:

1. Embætti ríkissaksóknara var ókunnugt um þessa rann-sóknarbeiðni og hefur engin afskipti haft af framvindu rannsóknarinnar.
2. Rannsóknarþörfin er byggð á því mati rannsóknarlög-reglu ríkisins, að umrædd frétt gefi tilefni til að ætla, að opinber starfsmaður eða opinber sýslunarmaður hafi með refsiverðum hætti brotið trúnað í skilningi 136. gr. al-mennra hegningarlaga. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að meginefni fréttarinnar, þ. e. að hin grunaða hafi játað fyrir fyrrgreindum forstöðumanni safnaðarins að vera völd að dauða eiginmanns síns, sé beinlínis röng. Rannsóknin hefur því í raun beinst að því, hver hafi veitt hinum tilgreindu blaðamönnum rang-ar upplýsingar í þessum efnum. Yfirlýstur tilgangur rann-sóknarinnar er því hæpinn, þar sem þeir aðilar, sem gerst

máttu vita, þjuggu ekki yfir slíkri vitneskju, sem fréttin gekk út á.

3. Ekki er í ljós leitt eða því haldið fram, að umrædd frétt hafi tálmað rannsókn málsins eða valdið öðrum réttar-spjöllum í meðferð þess.
4. Vægi opinberra hagsmuna við úrlausn þessa ágreinings-efnis er því nokkuð á huldu.

Af framangreindum ástæðum þykir af hálfu embættis ríkissaksóknara eigi efni til að krefjast staðfestingar á hinum kærða úrskurði.“

Varnaraðili krefst þess, svo sem lýst hefur verið, að úrskurður sakadóms Reykjavíkur, er gerir honum skylt að svara tilteknum spurningum fyrir dóminum, sé felldur úr gildi. Ríkissaksóknari telur „eigi efni til að krefjast staðfestingar á hinum kærða úrskurði“. Kröfugerð af hálfu ákærvaldsins verður eigi túlkuð á annan veg en þann, að fyrir Hæstarétti sé fallið frá þeirri kröfu, sem höfð var uppi fyrir sakadómi um, að varnaraðilja yrði úrskurðað skylt að svara spurningum um þau efni, er greinir í hinum kærða úrskurði. Þegar kröfugerð ríkissaksóknara er virt og staða hans að lögum, sbr. 1. málsg. 20. gr. og 1. málsg. 21. gr. laga nr. 74/1974, verður þegar vegna hennar að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Varnaraðili þykir eiga rétt á greiðslu kærumálskostnaðar, 1.000 krónum (nýkr.), úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Ríkissjóður greiði varnaraðilja, Ómari Valdimarssyni, 1.000 krónur í kærumálskostnað.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómara að öðru leyti en því, að ég tel lög ekki standa til þess að dæma varnaraðilja sérstaklega málskostnað í kærumáli þessu.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. mars 1981.

Ár 1981, mánudaginn 2. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 31. janúar birtist á baksíðu Dagblaðsins svohljóðandi fétt: „JÁTAR AÐ VERA VÖLD AÐ BRUNANUM. Björg Benjamínsdóttir, Kötluelli 11 í Reykjavík, játaði í gær að hafa verið völd að brunanum á heimili hennar á sunnudagskvöldið sem varð eiginmanni hennar, Sigfúsi Steingrímssyni, að bana. Stóðu yfirheyrslur yfir Björgu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins enn í gærkvöldi þegar DB fór í prentun og tókst blaðinu ekki að ná sambandi við Póri Oddsson aðstoðarrannsóknarlögreglustjóra sem hefur stjórnað rannsókn málsins.

Skv. upplýsingum, sem DB hefur aflað sér, hefur Björg játað að hafa notað bensín við íkveikjuna. Bensínið keypti hún á brúsa, upphaflega til að setja á bíl sinn, en af því varð ekki og geymdi hún því brúsann á svölum íbúðarinnar á annarri hæð fjölbýlishússins.

Björg neitaði í fyrstu staðfastlega að hafa átt nokkurn þátt í dauða eiginmanns síns, en í gærkvöldi játaði hún svo, fyrst fyrir forstöðumanni þess trúarsafnaðar sem hún tilheyrir. Ástæða voðaverksins mun ekki vera fyllilega ljós, þó er talið víst að það hafi verið unnið í bræðiskasti sem átti sér alllangan aðdraganda, m. a. vegna langvarandi óreglu eiginmannsins. ÓV/AST.“

Með bréfi Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns til RLR, dags. 31. janúar, f. h. Einars J. Gíslasonar, forstöðumanns Fíladelfíusafnaðarins, var þess krafist, að fram færi rannsókn á því, hvernig ofangreind baksíðufrétt, sem snerti trúnaðarsamband hans við safnaðarbarn sitt, væri til orðin.

Þeir Atli Steinarsson blaðamaður og Ómar Valdimarsson fréttastjóri voru kvaddir til skýrslugjafar af þessu tilefni þann 2. febrúar sl. hjá RLR.

Ómar Valdimarsson kvaðst hafa haft samband við aðilja, sem hann taldi, að gæti sagt honum af eða á um sannleiksgildi fréttarinnar. Kvaðst hann ekki hafa beðið þennan aðilja um mikið, aðeins beðið hann um að svara með já eða nei. Kvað Ómar aðilja þennan hafa svarað játandi. Ómar kvaðst ekki vilja gefa upp nafn heimildarmanns síns, þar sem um hafi verið að ræða algert trúnaðarsamband, sem hann muni ekki rjúfa vegna starfsheiðurs síns.

RLR hefur með bréfi, dags. 4. febrúar sl., krafist þess, að Ómari Valdimarssyni fréttastjóra verði með úrskurði sakadóms Reykjavíkur lýst rétt og skylt að lögum að bera um framangreint efni í þágu rannsóknar þessa máls, sem beinist að því að rannsaka, hvort brotið hafi verið gegn 136. gr. alm. hegningarlaga og 32. gr. laga nr. 38/1954, og er í því sambandi vísað til 1. mgr. 89. gr., sbr. 99. gr. laga 74/1974, sbr. 131. gr. laga nr. 85/1936.

Ómar kom fyrir dóm þann 27. febrúar sl. og neitaði enn að gefa upp nafn heimildarmanns síns. Af hálfu vitnisins hefur Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður lagt fram greinargerð, áður en málefni þetta var tekið til úrskurðar.

Niðurstöður.

Í XII. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 er ekki að finna bein ákvæði, sem heimila blaðamönnum að neita að gefa upp heimildarmenn sína, en þó má hafa hliðsjón af 95. gr. laganna.

Telja verður, að takmarka verði skyldu blaðamanna til þess að gefa upp heimildarmenn sína, enda augljósir hagsmunir blaðamanna og hins almenna borgara, að settar verði skorður við ótakmarkaðri vitnaskyldu, er þannig stendur á. Verður því í hverju einstöku tilviki að meta, hvort hagsmunir ákæruvaldsins um skýrslu séu ríkari en hagsmunir blaðamanna til leyndar.

Í máli þessu leikur grunur á því, að heimildarmaður blaðamannsins hafi á refsiverðan hátt rofið þagnarskyldu og þannig brotið gegn 136. gr. alm. hegningarlaga. Brot gegn áðurnefndri grein getur varðað fangelsi, og verður því að telja, að hagsmunir ákæruvaldsins til að upplýsa brotið séu ríkari en hagsmunir Ómars Valdimarssonar til að halda heimildarmanni sínum leyndum, og er honum því skylt að bera vitni um framangreint atriði.

Úrskurðarorð:

Ómari Valdimarssyni er skylt að bera vitni um framan- greint atriði.